



# Undraland íss

ESP\_039633\_0950



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Þótt myndin sem hér sést hafi verið tekin síðla vors, sést að koldíoxíðhrím þekur enn stóran hluta yfirborðsins á svæðinu sem er á hárrí breiddargráðu á Mars. Enn er nístingskuldi, mínus 128 gráður á Celsíus. Frosttíglarnir á yfirborðinu hafa veðrast og merki um þá afmást að einhverju leyti þegar sólarljósið breytir koldíoxíðinu í gas við þurrugufun. Stærri lægðir á myndinni gera tiglana meira áberandi en mjórri sprungur sýna hvar rof hefur átt sér stað þegar koldíoxíðgas losnaði undan íslagi og bar með sér fínni efni til yfirborðsins.